

# ALLT UM PÓKERMÓT Á EINU BLAÐI

## TEXAS HOLDEM NO LIMIT - SECOND CHANCE





### HENDUR Í STYRKLEIKARÖÐ

<b>Litaröð</b> Straight Flush		Fimm spil í röð í sama lit, ás getur verið hjá kóng eða tvíst en tengir þá ekki saman. Konungleg litaröð er 10 til Ás.
<b>Ferna</b> Four of a kind		Fjögur eins spil (t.d. fjórir ásar), hærri ferna vinnur aðra fernu (ásaferna er hæðst)
<b>Fullt hús</b> Full House		Þrenna & tvenna þ.s. hærri þrennan vinnur annað fullt hús, ef þrennurnar eru jafnar vinnur hærri tvennan
<b>Sort</b> Flush		Fimm spil í sömu sort (t.d. lauf), hæðsta spil sker úr um vinningshönd ef margir eru með lit
<b>Röð</b> Straight		Fimm spil í röð (en ekki öll í sama lit), ás tengir ekki saman kóng og tvíst
<b>Þrenna</b> Three of a kind		Þrjú eins spil, ef fleiri en einn eru með þrennu ræður háspil úrslitum
<b>Tvö þör</b> Two pair		Hæðsta par vinnur ef fleiri eru með tvö þör, síðan telur næsta par, svo fimmta spilið
<b>Par</b> One pair		Ef fleiri en einn eru með sama parið er það háspil af þeim spilum sem eftir er sem sker úr um hver vinnur
<b>Háspil</b> High card		Ef fleiri en einn eru með sama háspil er gengið á næsta spil (ef jafnar hendur, þá er pottinum skipt milli þeirra)

### BLINDIR & TÍMI

Litli / Stóri blindur - spilatími
<b>100/200</b> - 30 mín.
<b>200/400</b> - 30 mín.
<i>Hlé - ekki má kaupa inn hér eftir</i>
<b>300/600</b> - 20 mín.
<b>400/800</b> - 20 mín.
<b>600/1200</b> - 20 mín.
<i>Hlé - 2 tímar af spilun liðnir</i>
<b>800/1600</b> - 20 mín.
<b>1000/2000</b> - 20 mín.
<b>1500/3000</b> - 20 mín.
<i>Hlé - 3 tímar liðnir - chip up</i>
<b>2000/4000</b> - 20 mín.
<b>4000/8000</b> - 20 mín.
<b>5000/10000</b> - 20 mín
<i>Hlé - 4 tímar af spilun liðnir</i>
<b>10000/20000</b> - til enda
<i>Spilað þar til úrslit eru ljós</i>

### GILDI SPILAPENINGAR & UPPHAFSSTAFLI

<b>Litur &amp; Gildi</b> Fjöldi í upphafi				
	10	6	6	1

### VINNINGSHAFAR

	Nafn	Upphæð
1.		
2.		
3.		
4.		

### INNKAUP & ENDURINNKAUP BUY-IN & RE-BUY

1000 kr = 15000 spilapeningar. Fyrsta klukkutímann eru leyfð ein endurinnkaup. Hægt er að leyfa fleiri endurinnkaup, ákveðið það áður en byrjað er að spila.

### HELSTU REGLUR

Í upphafi er dregið í sæti og dregið um hver byrjar sem gjafari.

Litli blindur er næsti spilari vinstra megin við gjafara.

Stóri blindur er næsti spilari vinstra megin við litla blind.

Stór blindur færirst alltaf til vinstri fyrir nýja gjöf yfir á spilara sem enn er með.

Ef að spilari dettur út og á að vera litli blindur næst er enginn litli blindur í því spili.

Ef spilari dettur út og á að vera gjafari er **gefið frá því sæti sem hann væri** þar enn.

Ef spilarar eru með jafnar höndur (t.d. sömu 5 spilin) **skiptist potturinn jafnt milli þeirra.**

Þegar tveir spilarar eru eftir færirst stór áfram eins og venjulega og **gjafari er litli blindur.**

Mundu að... **gera ekki fyrr en komið er að þér.**

Mundu að... **passa að veðmál sem þú setur út blandist ekki við það sem er fyrir.**

Mundu að... **segja hátt og skýrt hver aðgerð þín er - munnleg sögn ræður.**

### GANGUR SPILSINS

- Litli og stóri blindur** - hálf veðmál hjá litla, heilt hjá stóra (sjá BLINDIR & TÍMI)
- Holuspil gefin** - byrjað vinstra megin frá gjafara, eitt spil í einu á mann, 2 spil á hvern.
- Veðmálaumferð #1** - þar til allir sem eru enn með eru jafnir  
- stóri blindur má hækka ef allir sjá hann hér, eða tékka
- Brennt og flop** - eitt spil tekið til hliðar ofan af stokknum (brennt) og næstu 3 á borð
- Veðmálaumferð #2** - þar til allir sem eru enn með eru jafnir
- Brennt og turn** - efsta spilið tekið til hliðar af stokknum (brennt) og næsta sett á borð
- Veðmálaumferð #3** - þar til allir sem eru enn með eru jafnir
- Brennt og river** - efsta spilið tekið til hliðar af stokknum (brennt) og næsta sett á borð
- Veðmálaumferð #4** - ef spilari var séður (veðmál jafnað) þarf hann að byrja að sýna,  
- aðrir verða að sýna til að vinna

### VINNINGSHLUTFÖLL

#### <10 spilarar:

1. sæti 70%, 2. sæti 30%

#### 10-14 spilarar:

1. sæti 50%, 30%, 20%

#### 15-20 spilarar:

40%, 30%, 20%, 10%

Aðlagið hlutföll að vild fyrir leik

### VEÐMÁL

▶ Lágmarksupphafsveðmál er stóri blindur í viðkomandi lotu

▶ Lágmarkshækkun er tvöföld upphæð síðustu hækkunnar

▶ **All-in** er þegar spilari veðjar öllum spilapeningum sínum

▶ Spilari sem er all-in getur aðeins unnið samsvarandi upphæð og hann veðjar frá hverjum leikmanni

▶ Aðrir spilarar geta haldið áfram að veðja sín á milli (hliðarpottur) þó svo að aðrir séu all-in

▶ Ef allir spilarar eru all-in sýna þeir holuspilin (showdown) og öll borðspilin eru gefin